

65 Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og sé
31. des. upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá alþingi 1937 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

66

31. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu
mjólkur og rjóma o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Í öllum þeim kaupstöðum og kaupúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra og mjólkursölunefnd hefir ákveðið sem sölusvæði, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neytlumjólk og rjóma frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum.

Gjald þetta ákveðst fyrirfram af mjólkursölunefnd, og má breyta því svo oft sem þurfa þykir.

Tekjuafgangur mjólkursölu skal renna í verðjöfnunarsjóð, eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stjórnin telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu, og slík verðjöfnun jafnan, eftir því sem við verður komið, miðuð við það, að allir mjólkurframleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á sölustað verðjöfnunarsvæðisins (sbr. þó 13. gr.). Þeir, sem ekki senda mjólk sína á sölustað, heldur í mjólkurbú til vinnslu, skulu því fá þeim mun minna verð fyrir mjólk

sína, er svarar til flutningskostnaðar hennar frá því búi til sölustaðar, enda sé þá 66
 flutningskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi búsins. 31. des.
 Flutningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðinn fyrirfram
 af mjólkursölunefnd svo oft, sem hún telur ástæðu til, þannig að hann sé sem næst
 raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu undan-
 farandi ára. Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkurbúum
 á sama verðjöfnunarsvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða, en slíkan
 kostnað ákveður mjólkursölunefnd, eftir því sem hún telur hæfilegt, að fengnum
 skýrslum um slíkan starfrækslukostnað mjólkurbús eða mjólkurbúa á verðjöfnun-
 arsvæðinu.

Undanbegin verðjöfnunargjaldi (sbr. þó 5. gr.) er mjólk, sem framleidd er á
 ræktuðu landi innan sama kaupstaðar eða kaupsins, sem hún er seld í (miðað við
 bæjarlöndin eins og þau eru nú). Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern full-
 ræktaðan hektara af túni og hlutfallslega fyrir brot úr hektara, sem framleiðandi
 notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kaupsins.

Fyrir það mjólkurmagn, sem framleiðendur þeir á sölusvæðinu, sem ekki hafa
 leyfi til sölu beint til neytenda, selja allt árið jafnt, skal þeim greiddur 1 eyrir á lítra
 umfram verðjöfnunarverð. Greiðist uppbót þessi úr verðjöfnunarsjóði eftir á fyrir
 næstliðið ár.

Fyrir það mjólkurmagn, sem framleitt er utan sölusvæðis og selt er af sölusam-
 tókum á því mánuðina okt.—des., skal greiða 1 eyri á lítra umfram jöfnunar-
 verð þá mánuði. Einnig er mjólkursölunefnd heimilt að fyrirskipa mjólkurbúum að
 mismuna í útborguðu verði til framleiðenda eftir árstíðum, ef hún telur nauðsyn á
 til að fullnægja markaðsþörfinni.

2. gr.

3. málsl. 3. gr. laganna („Verðjöfnunargjaldið skal vera ... á verðjöfnunar-
 svæðinu“) fellur niður.

3. gr.

Í stað orðanna í 5. gr. laganna „Heimilt skal þó ... ársnyt úr hverri kú“ komi:
 Heimilt skal þó mjólkursölunefnd að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagn-
 arumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir afhenda sölumjólk sína til sölusam-
 takanna og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 2. gr., eða selja mjólk sína
 beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni verðjöfnunargjald
 eftir því, sem mjólkursölunefnd ákveður það á hverjum tíma. Skal þá verðjöfnunar-
 gjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og
 Hafnarfjarðar. Hafi hinsvegar meðalársnyt í öðrum þeim lögsagnarumdæmum, þar
 sem sölusvæði er ákveðið, reynzt lægri samkv. skýrslum nautgriparæktarfélaga þar,
 skal gjaldið miðað við það.

Heimilt er þó hverjum framleiðanda, sem undanþágu þessarar nýtur, að undan-
 skilja til heimilisparfa $\frac{1}{2}$ lítra á dag á hvern heimilismanna hans. En til heimilis-
 manna teljast hér þeir, er framleiðandi hefir á framfæri, svo og hjú hans, enda til-
 kynni hann tölu heimilismanna og færi sönnur á hana, eftir því sem sölustjórn
 ákveður.

4. gr.

2. og 3. málsgr. 15. gr. laganna falli niður, en í stað þeirra komi svo hljóðandi
 málsgr.:

Ef mjólk, rjómi eða skyr er flutt inn á sölusvæði einhvers verðjöfnunarsvæðis
 af öðrum en þeim, sem sérleyfi hafa þar til sölu á þeim, eða ef þær finnast í bát-
 um, skipum, bifreiðum eða öðrum flutningatækjum, svo nærri sölusvæði eða á leið
 til sölusvæðis, að telja má sannað, að átt hefir að flytja vörurnar inn á svæðið í
 heimildarleysi, þá skulu vörur þessar gerðar upptækar, og sá, er flutninginn ann-

66 ast, og aðrir, sem meðsekir reynast, skulu sæta sektum samkvæmt ákvæðum 1. 31. des. málsg. þessarar greinar.

Andvirði upptækrar vöru rennur í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

67

31. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir
Akureyrarkaupstað lán til rafvirkjunar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 2 milljóna króna lán fyrir Akureyrarkaupstað til rafvirkjunar, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði raforkuveitunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.